

AUGLÝSING

111

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasilíu.

28. sept.

Stjórnir Íslands og Brasilíu hafa með erindum, dags. 30. júlí 1936, komið sér saman um ákvæði, er skulu gilda til bráðabirgða um viðskipti þessara þjóða.

Erindin, sem eru skráð á frönsku og spænsku, eru að efni til samhljóða, og birtist hér með erindið af Íslands hálfu í islenzkri þýðingu:

DANSKA SENDIRÁÐIÐ

Rio de Janeiro.

30. júlí 1936.

Herra ráðherra!

Ég hefi þann heiður að tilkynna yðar tign, að þar sem islenzka ríkisstjórnin, á sama hátt sem ríkisstjórn Brasilíu, hefir viðurkennt þörfina á því að fram- lengja enn þá um nokkurn tíma þær samningaumleitaniir, sem nú fara fram milli þessara landa, til þess að gera nýjan verzlunarsamning, og þar sem islenzka ríkisstjórnin vill enn fremur komast hjá því að verzlunarviðskipti Íslands og Brasilíu stöðvist þann 31. júlí þ. á., þá samþykkir hún, að þessi verzlunarvið- skipti haldi áfram á grundvelli gildandi viðskiptaákvæði, og að um þau skuli sett þau nánari bráðabirgðaákvæði, er hér fara á eftir:

1. gr.

Ísland og Brasilía veita hvort öðru beztu kjör, skilyrðislaust og ótakmarkað, að því er innflutningstolla snertir.

2. gr.

Hvor samningsaðilja um sig skuldbindur sig til þess að breyta ekki hinu gagnkvæma ákvæði um beztu kjör, sem nú gildir um verzlunarskip hins samn- ingsaðiljans, nema að því er snertir strandsiglingarnar. Þetta beztu-kjara ákvæði skal einnig gilda um greiðslu fyrir vöruinnflutning.

3. gr.

Ef annarhvor samningsaðilja leggur á nýja tolla, sem koma á vörur frá hinum samningsaðiljanum, er áður voru tollfrjálsar, eða hækkar gildandi tolla, þá hefir sá samningsaðilinn, sem verður fyrir slíkum tolllagabreytingum, rétt til að krefjast þess af hinum samningsaðiljanum, að hafnar verði samninga- leitaniir, til þess að ráða bót á óheppilegum afleiðingum áðurnefndra ráðstafana.

4. gr.

Ef annarhvor samningsaðilja hefir, eða setur í framtíðinni ákvæði um innflutningsskammta eða höft á greiðslur eða hver önnur bein eða óbein ákvæði, sem hefta innflutninginn á vörum frá hinum samningsaðiljanum, þá hefir sá

111 28. sept. **111** sammingsaðilinn, sem telur sig biða hagsmunalegt tjón við það, hvernig þessum ráðstöfunum er eða verður breytt, rétt til þess að krefjast þess af hinum sammingsaðiljanum, að hafnar verði samningaumleitani, til þess að bæta úr hinum óheppilegu afleiðingum, sem áður nefndar ráðstafanir hafa í för með sér.

5. gr.

Framangreind ákvæði gilda ekki um fríðindi, sem hafa verið veitt, eða kynnu síðar að verða veitt, landamæraríkjum, til þess að greiða fyrir viðskiptum á landamærunum, né um fríðindi samkvæmt bandalagi um tollmál, sem annarhvor sammingsaðili hefir þegar gert, eða kynni síðar að gera.

6. gr.

Með tilliti til þess sambands, sem nú er milli Íslands og Danmerkur samkvæmt Sambandslögnum frá 30. nóvember 1918, þá er það tilskilið, að ekki er hægt fyrir Brasilíu að skírskota til ákvæða þessa samkomulags, til þess að krefjast hinna sérstöku réttinda, sem Ísland hefir veitt eða kynni síðar meir að veita Danmörku.

7. gr.

Bráðabirgða-samkomulag þetta gildir, þangað til að viðskiptasamkomulagið, sem nú er verið að vinna að, verður undirritað. Hvor sammingsaðili getur þó sagt því upp með 30 daga fyrirvara.

Ég nota þetta tækifæri til þess að fullvissa yður, herra ráðherra, um sérstaka virðingu mína.

Fyrir Ísland

O. Schested.

Hans tign, herra doktor *José Carlos de Macedo Soares*
utanríkismálaráðherra, Rio de Janeiro.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 28. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.